

Mál nr. 126/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda

Umferðaróhapp 12.07. 2006, ágreiningur um hvort
tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið fullnægt.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.05. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M lenti í umferðarslysi er hún ók aftan á aðra bifreið 12.07. 2006. Hún leitaði sama dag til slysa- og bráðadeildar LSH vegna dofa og óþægindatilfinningar vinstra megin aftan í hálsi sem leiddi niður í vinstra herðablað. Greining slysadeildar var hálstögnun og fékk M ráðleggingar varðandi framhaldið. Fyrirliggjandi gögn geta sjúkrasögu M og samskipta aðila máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 23.04. 2009, sé ljóst að M hafi fengið vitneskju um atvik sem hún gat reist bótakröfu sína á slysdeginum sjálfum. Engar nýjar upplýsingar hafi komið fram um annað. Afleiðingar slyssins hafi verið M kunnar á slysdegi en ekki á síðara tímamarki. Félagið telur að tilvísun M í dóm Hæstaréttar í máli 7/2009 eigi ekki við. “Þar sem tilkynning um slysið barst félaginu ekki fyrr en 16.12. 2009 þá var liðinn sá frestur sem kveður á um í“ áðurnefndri lagagrein. Vegna þessa beri að hafna kröfu M um bætur. M telur sig hafa fullnægt tilkynningarskyldu. M telur að sér hafi ekki verið ljósar afleiðingar slyssins fyrr en á árinu 2009 sbr. röksemdafærslu hennar í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins í þessu sérstaka tilviki að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Það breytir ekki ofanrituðu þó að M hafi sögu stoðkerfiseinkenna. Ekki er unnt að fallast á að það hafi torvelað svo mjög mati hennar á aðstæðum að unnt sé að réttlæta hversu seint M tilkynnti vátryggingafélaginu um afleiðingar slyssins sem um ræðir.

M hefur sönnunarbyrði um að hún hafi gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. nefndu ákvæði. Sú sönnunarfærsla hefur ekki tekist.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. maí 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.